

# Fjör í Flóa 2014

Fjölskyldu- og menningarhátíðin Fjör í Flóa verður haldin helgina 30. maí – 1. júní 2014. Dagskrá er fjölbreytt að vanda og er svohljóðandi:

## **Ljósmyndamaraðon**

Ungmennafélagið Vaka stendur fyrir ljósmyndamaraðoni á Fjöri í Flóa. Keppt verður í tveimur flokkum. Annars vegar Instagram flokki en þá fara allar myndir sem settar eru á Instagram og merktar #fjöriflóa2014 sjálfkrafa inn í keppnina. Sú mynd hlýtur sigur í þeim flokki sem er falleg og fangar um leið anda hátíðarinnar. Hinsvegar verður keppt í svokallaðri myndaröð en þá fá keppendur sex orð sem þeir eiga svo að túlka með ljósmyndum, ein mynd fyrir hvert orð. Sá sem skilar inn fallegustu myndaröðinni sigrar þennan flokk. **Myndaröðum verður að skila inn fyrir kl 16:00 sunnudaginn 1. júní á netfangið [gudmunda89@gmail.com](mailto:gudmunda89@gmail.com)**. Myndvinnsla á myndunum er leyfileg.

Allir geta tekið þátt í maraðoninu og þátttaka er ókeypis. Veitt verða verðlaun fyrir bestu Instagram myndina og bestu myndaröðina. Keppnin hefst föstudaginn 30. maí en þá verða orð myndaraðarinnar birt á heimasíðu flóahrepps [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is) og á facebooksíðu umf. Vöku. Einnig verða orðin og upplýsingar um keppnina fáanlegar í félagsheimilum Flóahrepps á meðan hátíðinni stendur. Nöfn vinningshafa verða birt á heimasíðu Flóahrepps eftir hátíðina og jafnframt verða sigurmyndirnar ásamt fleirum birtar á síðunni.

## **Föstudagur 30. maí**

**Kl. 10:00 - 12:00 Skrifstofa Flóahrepps.** Opið hús, allir velkomnir, ljósmyndir af ýmsum atburðum í Flóahreppi til sýnis.

**Kl. 10:00 - 16:30 Gler og keramik verkstæði Fanndísar** í gamla mjólkurhúsinu á Brúnastöðum í Flóahreppi. Allt að 40% kynningar afsláttur, allir velkomnir. [www.facebook.com/pages/Fanndis/145769287327](http://www.facebook.com/pages/Fanndis/145769287327)

**Kl. 11.00-16.00 Ullarvinnslan Þingborg.** (Gamla Þingborg) Opið hús.

**Kl. 13:00 - 18:00 Tré og list** er lifandi listasmiðja sem varðveitir sögu hagleiks og uppfinninga, kynnir tréskurðarlist og sérstakt handverk. **Kl. 16:00** opnar Sigrún Sigurðardóttir, Súluholti myndlistarsýningu. Sigrún er borin og barnfædd í Súluholti og býr þar ásamt fjölskyldu sinni. Hún er dóttir sæmdarhjónanna Sigurðar Guðmundssonar og Guðrúnar Hjörleifsdóttur. Sigrún er að mestu sjálflærð í list sinni en hefur tekið þátt í nokkrum námskeiðum hjá myndlistarfélagi Árnessýslu og verið þátttakandi á nokkrum sýningum þess. Við opnun sýningarinnar mun fyrrverandi

söngmálastjóri Haukur Guðlaugsson spila á flygilinn. Frá opnun Tré og list hefur safnið prýtt verk eftir listakonuna Sigu á Grund sem löngu er orðin landsþekkt fyrir sín einstöku listaverk. Aðgangur 700 kr. meðan á Fjör í Flóa stendur og frítt fyrir börn.

**Kl. 13:00 - 18:00 Sveitabúðin Sóley Tungu.** Heitt á könnunni og svaladrykkur

**Kl. 15:00 Þjósárveri.** Menningarstyrkjum Flóahrepps verður úthlutað við hátíðlega athöfn. Við sama tækifæri verður tilkynnt opinberlega um kjör á íþróttamanni og konu ársins 2013. Barnakór Flóaskóla mun flytja nokkur lög undir stjórn Kolbrúnar Berglindar Grétarsdóttur.

**Kl. 20:30 Gönguferð, „gengið í spor Kambsránsmanna“.** Hið sögufræga Kambsrán verður í brennidepli í gönguferð sem farið verður í undir leiðsögn Sigurgeirs Hilmars Friðþjófssonar göngustjóra en söguvið þess er í Flóahreppi. Kambsránið var framið 9. febrúar 1827 á bænum Kambi þegar fjórir grímuklæddir menn réðust til inngöngu, bundu íbúa og brutu upp hirslur í leit að peningum. Gangan hefst á hlaðinu á Kambi og hentar ungum jafnt sem öldnum.

### **Laugardagur 31. maí**

**Kl. 9:00 - 12:00 Þingborg, morgunmat** í boði Fjörs í Flóa og fyrirtækja á Suðurlandi. Allir velkomnir í notalega samverustund og kjarngóðan morgunmat. Kvenfélag Hraungerðishrepps sér um morgunmatinn. Andlitsmálning verður fyrir börnin og sitthvað fleira.

**Kl. 9:00 - 18:00 Þingborg.** Ýmis dýr, stór og smá, til sýnis og ungar skríða úr eggjum. Vélar til sýnis á planinu. Kvenfélag Hraungerðishrepps verður með tombólu (hlutaveltu), blóma- og grænmetissölu. Einnig verða þær með kaffisölu. Bræðurnir á Fjalli verða með Hornabúið sitt.

**Kl. 9:00 - 18:00 Þingborg.** Ljósmyndasýning Péturs Reynissonar.

**Kl. 9:00 - 18:00 Þingborg. Listamaðurinn Lúðvík Karlsson, LISTON,** sýnir verk sín við Þingborg og við Villingaholtshreppsveg í Langsstaðalandi þar sem hann verður búinn að koma upp vísir að skúlptúrgarði. Þar verður hann við vinnu sína ef veður leyfir laugardag kl.11-14. Sjón er sögu ríkari.

**Kl. 9:00 - 18:00 Þingborg eftirtaldir aðilar verða með sölubása;** Auður Atladóttir, Arnleif Margrét Kristinsdóttir, Ásdís Finnsdóttir, Eygló Valgeirsdóttir og Ingveldur Birgisdóttir, Guðrún

Birna Garðarsdóttir, Hellaspor, Jöklamús, Pálína Ágústa Jónsdóttir, Þrjónakistan, Vilborg Magnúsdóttir, Þórdís Öfjörð og Guðmunda Guðmundsdóttir (sjá nánar hér fyrir neðan).

**Kl. 10:00 - 16:00 Þingborg.** Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps verður með kökubasar.

**Kl. 10:00 - 12:00 Aksjón á Læk,** allskonar varningur til sölu.

**Kl. 10:00 - 22:00 Félagslundur.** Kosningar til sveitarstjórnar.

**Kl. 10:00 - 21:00 Gler og keramik verkstæði Fanndísar** í gamla mjólkurhúsinu á Brúnastöðum í Flóahreppi. Frá kl. 12:00-16:00 mun Fanndís sýna nútíma aðferð við að handgera eld unnar glerperlur. Allt að 40% kynningar afsláttur. [www.facebook.com/pages/Fanndís/145769287327](http://www.facebook.com/pages/Fanndís/145769287327)

**Kl. 11:00 - 17:00 Þingborg - Sveitamarkaður.** Fjölbreytt úrval af kynningar- og sölubásam á sveitamarkaðinum.

**Kl. 11:00 - 18:00 Tré og list.** Myndlistasýning Sigrúnar Sigurðardóttur og verk eftir listakonuna Siggú á Grund. Aðgangur 700 kr. meðan á Fjör í Flóa stendur og frítt fyrir börn. **Kl.11:00 - 12:00** mun barnakór Flóaskóla, „Snilldartónar“ syngja í safninu. Stjórnandi er Kolbrún Berglind Grétarsdóttir og undirleikari er Ágúst Valgarð Ólafsson. Frítt er á tónleikana.

**Kl. 11.00-16.00 Ullarvinnslan Þingborg.** (Gamla Þingborg) Opið hús. **Kl. 14:00** verða úrslit um Höfuðfat 2014 tilkynnt.

**Kl. 12:00 Þingborg.** Björgunarsveit Árborgar með Kassaklifur, **kl. 14:00** Villi og Sveppi, skemmta ungum sem öldnum. **kl. 15:00** Bændaglíma Suðurlands verður glímd við Þingborg. Frískur hópur glímukvenna og meyja úr HSK munu skipta liði og glíma þar til önnur sveitin er fallin.

**Kl. 12:00-15:00 Opið hús í Gistiheimilinu Lambastöðum.** Kaffi og meðlæti.

**Kl. 13:00 - 16:00 Brandshús.** Opið hús, hænur í öllum regnbogans litum, ungar á vappi um svæðið. Bréfdúfur fljúga um og leika listir. Ný egg til sölu, hæsna fjaðrir til sölu í flugunýtingar og

skraut. Hægt er að kaupa skít (hænsna og dúfnaskítur er mjög góður áburður). Góð ráð gefin í fuglarækt.

**Kl. 13:00 - 18:00 Sveitabúðin Sóley Tungu.** Heitt á könnunni og svaladrykkur.

**Kl. 21:00 Kvöldvaka og kosningarvaka í Þingborg.**

Svavar Knútur og Helga Braga munu halda uppi góðri stemningu. Kosningavaka vegna sveitarstjórnarkosninga verður á sama tíma og óhætt að lofa spennuþrungnu andrúmslofti í bland við notalegan tónlistarflutning og ærlegt grín. Hægt er að kaupa sér léttar veitingar m.a. Humarsúpu frá Tryggvaskála.

**Sunnudagur 1. júní**

**Kl. 10:00 - 18:00 Gler og keramik verkstæði Fanndísar** í gamla mjólkurhúsinu á Brúnastöðum í Flóahreppi. Allt að 40% kynningar afsláttur, allir velkomnir. [www.facebook.com/pages/Fanndis/145769287327](http://www.facebook.com/pages/Fanndis/145769287327)

**Kl. 11:00 - 18:00 Þingborg.** Ýmis dýr, stór og smá, til sýnis og ungar skríða úr eggjum. Vélar til sýnis á planinu. Kvenfélag Hraungerðishrepps verður með tombólu (hlutaveltu), blóma- og grænmetissölu. Einnig verða þær með kaffisölu. Bræðurnir á Falli verða með Hornabúið sitt.

**Kl. 11:00 - 18:00. Þingborg eftirtaldir aðilar verða með sölubása;** Auður Atladóttir Arnleif Margrét Kristinsdóttir, Ásdís Finnsdóttir, Eygló Valgeirsdóttir og Ingveldur Birgisdóttir, Guðrún Birna Garðarsdóttir, Heillaspor, Jöklamús, Pálína Ágústa Jónsdóttir, Þrjónakistan, Vilborg Magnúsdóttir, Þórdís Öfjörð og Guðmunda Guðmundsdóttir (sjá nánar [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is)).

**Kl. 11:00 - 18:00 Þingborg.** Ljósmyndasýning Péturs Reynissonar.

**Kl. 11 - 18:00 Þingborg. Listamaðurinn Lúðvík Karlsson, LISTON,** sýnir verk sýn við Þingborg og við Villingaholtshreppsveg í Langsstaðalandi þar sem hann verður búinn að koma upp vísir að skúlptúrgarði. Þar verður hann við vinnu sína ef veður leyfir sunnudag kl 14-16. Sjón er sögu ríkari.

**Kl. 13:00 - 18:00 Tré og list.** Myndlistasýning Sigrúnar Sigurðardóttur og verk eftir listakonuna Siggú á Grund. Aðgangur 700 kr. meðan á Fjör í Flóa stendur og frítt fyrir börn.

**Kl. 11.00-16.00 Ullarvinnslan Þingborg.** (Gamla Þingborg) Opið hús.

**Kl. 13:00 - 16:00 Brandshús.** Opið hús, hænur í öllum regnbogans litum, ungar á vappi um svæðið. Bréfdúfur fljúga um og leika listir. Ný egg til sölu, hænsna fjaðrir til sölu í flugunýtingar og skraut. Hægt er að kaupa skít (hænsna og dúfnaskítur er mjög góður áburður. Góð ráð gefin í fuglarækt.

**Kl. 13:00 - 18:00 Sveitabúðin Sóley Tungu.** Heitt á könnunni og svaladrykkur.

**Kl. 11:30 Félagslundur, barnaleikrit.** Möguleikhúsið verður með sýninguna Prumpuhóllinn eftir Þorvald Þorsteinson. Sýningin er ætluð börnum á aldrinum 2ja til 10 ára er í um 45 mínútur. Engin ætti að láta þetta fram hjá sér fara því við getum öll fundið barnið í okkur.

**Kl. 12:30 Gaulverjabæjarkirkja.** Barna- og fjölskylduguðþjónusta hjá sr. Sveini Valgeirssyni. Að lokinni messu verður grillaðar pylsur í Félagslundi í boði umf. Samhygðar.

**Kl. 14:00 Félagslundur. Umf Samhygð mun veita heiðursnafnbót.** Umf. Samhygð heiðrar dygga félaga með því að úthluta þeim heiðursfélaganafnbót fyrir störf sín í þágu félagsins.

### **Sölubásar í Þingborg:**

**Auður Atladóttir** - Málaðir steinar.

**Arnleif Margrét Kristinsdóttir** - Trévörur, tölur úr hornum og beinum. Hún mun einnig sitja og spinna ull.

**Ásdís Finnsdóttir**, Textílvörur.

**Eygó Valgeirsdóttir og Ingveldur Birgisdóttir** - Þrjónavörur, fatnaður nýr og notaður, glervörur, rabbabarakálar og fleira steipt dót, íslensk tréleikföng, traktor með vagni, vörubíll, dúkkuvagn. Þæfðar ljósaseriur og allskonardótarí.

**Guðrún Birna Garðarsdóttir** - Þrjónavörur.

**Heillaspor** - Vörur úr endurnýttum textíl. Íslands buddur og töskur og margnota inkaupapokar.

**Jöklamús** - Er með það að markmiði að vinna vörur úr efniviði úr Vatnajökulsþjóðgarði. Aðal varan er jurtagræðirinn Jöklamús „Sigga krem“. Einnig er handverk unnið úr ull, birki, steinum og

hreindýrshornum.

**Pálína Ágústa Jónsdóttir** - Margvísleg handavinnu, útsaum og minjagripi.

**Prjónakistan** - Prónavörur og uppskriftir.

**Vilborg Magnúsdóttir** - Gler, prjón og tækifærisdót.

**Þórdís Öfjörð og Guðmunda Guðmundsdóttir** - Borðtúkar, prjónavörur, hekludarbönd, kerti, skartgripir, sultur, trévorur og sitthvað fleira.